

Fundargerð fræðslunefndar Skagastrandar

Fundur var haldinn miðvikudaginn 21. maí 2025 kl. 17:00, í gegnum fjarfundabúnaðinn Teams.

Á fundinn voru mætt:

Fræðslunefnd: Ástrós Elísdóttir, Þórey Fjola Aradóttir og Guðni Már Lýðsson.

Fulltrúar grunnskóla: Sara Diljá Hjálmarsdóttir, skólastjóri, Guðrún Elsa Helgadóttir, aðstoðarskólastjóri, Berglind Sólrós Helgadóttir, fulltrúi kennara, og Ástrós Villa Vilhelmsdóttir, fulltrúi foreldra.

Fulltrúar leikskóla: Lilja Guðlaug Ingólfssdóttir, leikskólastjóri og Ragnheiður Erla Stefánsdóttir, fulltrúi foreldra.

Aðrir: Dagný Rósa Úlfarsdóttir fræðslustjóri, Krístrún Lind Birgisdóttir frá Ásgarði, skólaráðgjöf og Alexandra Jóhannesdóttir, sveitarstjóri.

Ástrós formaður stýrði fundinum og Guðrún Elsa ritaði fundargerð.

1. Starfsáætlun fræðslunefndar frá ágúst 2025 til júní 2026

Ástrós formaður fór yfir starfsáætlun fræðslunefndar fyrir næsta skólaár, en hún hafði borist þátttakendum fyrir fundinn eins og öll önnur gögn. Töluverð breyting verður á verklagi fræðslunefndar og fundað mánaðarlega, alls tíu sinnum yfir árið í stað tveggja funda áður.

Spurningu varpað upp varðandi það hverjir skuli sitja fundina, sveitarstjóra falið að komast að því hvað samræmist stjórnsýslulögum í þeim efnum.

Krístrún sýndi vinnuskjal sem Ásgarður nýtir við skipulagningu fræðslunefndafunda. Allir þeir þættir sem rýna skal á komandi vetri munu verða áfram til umræðu á hverju ári héðan af, en þó hægt að gera breytingar.

Starfsáætlun fræðslunefndar fyrir skólaárið 2025-2026 var samþykkt samhljóða.

2. Skóladagatal Höfðaskóla 2025-2026

Sara Diljá kynnti skóladagatal Höfðaskóla á komandi vetri. Könnun var send út til nemenda og foreldra með nokkrum útfærslum á skóladagatali og með hliðsjón af niðurstöðunum ákveðið að prófa að seinka skólaárinu um viku. Skólasetning verður 1. september 2025 og skólaslit 9. júní 2026.

Skóladagatalið hefur verið lagt fyrir skólaráð sem lagði til eina breytingu og var hún samþykkt.

Fyrirspurn varðandi lögbundna lengd skólaárs sem er 180 dagar, á skóladagatalinu eru 175 skóladagar en þar af fimm tvöfaldir svo samtals reiknast skóladagar 180.

Skóladagatal Höfðaskóla fyrir skólaárið 2025-2026 var staðfest af fundinum.

3. Leikskóladagatal 2025-2026

Lilja kynnti leikskóladagatalið á komandi vetri. Leikskólanum er lokað sex daga á ári fyrir utan sumarfrí, þrjá og hálfan dag fyrir áramót og tvo og hálfan eftir áramót.

Krístúrín nefnir að það gæti verið gott að færa skóladagatölin nær hvort öðru, það sé eitthvað sem fræðslunefnd verði þá að taka afstöðu til og geti tekið inn í menntastefnu ef vilji er fyrir hendi.

Leikskóladagatal Barnabóls fyrir skólaárið 2025-2026 var staðfest af fundinum.

4. Ársáætlun Barnabóls 2025

Lilja fór yfir málefni leikskólans. 36 nemendur eru við skólann og mun þeim fækka í haust í 31, sex fara í grunnskóla og eitt kemur inn á leikskólann eftir því sem nú liggur fyrir, en fækkunin verður aðeins tímabundin því von er á nokkrum nýjum nemendum í janúar og febrúar 2026.

Þær breytingar eru á starfsmannahaldi að tveir starfsmenn hafa verið ráðnir inn tímabundið í ár í stað tveggja sem farnir eru í fæðingarorlof.

5. Foreldrakönnun Barnabóls 2025

Lilja fór yfir foreldrakönnun leikskólans sem framkvæmd var af Hjallastefnunni og kom mjög vel út. Spurt var um skólastarf og mat á skólastarfi, 97% svörun leiddi í ljós góðar niðurstöður sem voru í flestum atriðum yfir landsmeðaltali.

6. Önnur mál

- Vangaveltur varðandi það hvort nemendur úr fyrrum Skagabyggð haldi áfram í skólanum, Alexandra staðfestir að fyrirkomulag verði óbreytt.
- Varðandi skólaakstur og aukaferðir, umræður um hvaða boðleiðir séu réttar, í gegnum Húnabyggð eða heimastjórn Skagabyggðar.
- Krístúrín leggur til að reynt verði að festa fundartíma næstu funda fræðslunefndar sem fyrst. Reiknað er með að þeir verði fjarfundir þar sem fulltrúi frá Ásgarði mun einnig sitja fundina.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 17:38.

Undirritunarsíða

Alexandra Jóhannesdóttir

Þórey Fjóra Aradóttir

Guðni Már Lýðsson

Ástrós Elísdóttir

Ragnheiður Erla Stefánsdóttir

Kristrún Lind Birgisdóttir

Sara Diljá Hjálmarsdóttir

Dagný Rósa Úlfarsdóttir

Berglind Sólrós Helgadóttir

Guðrún Elsa Helgadóttir

Undirritunarsíða

Ástrós Villa Vilhelmsdóttir

Lilja Guðlaug Ingólfssdóttir